



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 5/2007

Kvörtun Stál Plús ehf. yfir ummælum í tölvupósti sem Traust þekking ehf. sendi til ýmissa fiskvinnslufyrirtækja og viðskiptavina Stál Plús ehf.

**I.
Erindið**

Í erindi til Neytendastofu, dags. 28. febrúar 2006, kvartar Eyvindur G. Gunnarsson hdl., f.h. Stál Plús ehf. yfir ummælum í tölvupósti sem Traust þekking ehf. sendi til ýmissa fiskvinnslufyrirtækja og viðskiptavina Stál Plús ehf. Telur kvartandi háttsemina varða við 5. og 6. gr. laga nr. 57/2006 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Í erindinu segir að Stál Plús og Traust þekking selji bæði saltsprautunarvélar og séu í samkeppni á því sviði. Aðalstarfsemi beggja sé hönnun, smíði og uppsetning á framleiðslulínunum ásamt öllum búnaði, bæði fyrir fiskvinnslufyrirtæki og til notkunar um borð í fiskiskipum. Kvartandi hafi aðeins starfað um skamma hríð og flutti fyrstu vélina til landsins um áramótin 2005–2006. Traust þekking sé hins vegar rótgróið fyrirtæki á markaðnum. Traust þekking haldi því fram að vélar þær sem kvartandi selur séu eftirgerð af vélum Traustrar þekkingar. Kvartandi neiti því alfarið og hafi leyft fulltrúum Traustrar þekkingar aðgang að vélum sínum og leyft þeim að skoða þær. Þá hafi Traust þekking lagt fram matsbeiðni við Héraðsdóm Reykjaness og sé markmið matsins að meta hvort sú vél sem kvartandi flytji inn og hafi til sölu sé eftirlíking af vél Traustrar þekkingar. Ekki séu nein einkaleyfi til staðar sem komið geta í veg fyrir framleiðslu þeirra véla sem kvartandi flytur inn.

Í byrjun febrúar hafi Stál Plús orðið þess var að Traust þekking hefði sent tölvupóst til ýmissa fiskvinnslufyrirtækja og viðskiptavina kvartanda. Í tölvupóstinum hafi viðtakendur verið fullvissaðir um að grein sem birtist í Morgunblaðinu um vélar kvartanda hafi verið röng. Þá hafi verið vísað í viðhengi með tölvupóstinum þar sem m.a. hafi komið fram fullyrðingar um að kvartandi hafi framið lögbrot og sé að selja illan feng, hafi logið til um að hafa hannað vélarnar sjálfur og fullyrt sé að vél kvartanda sé eftirlíking af 10 ára gamalli vél Traustrar þekkingar.

Kvartandi telji að með sendingu tölvupóstsins til viðskiptavina og hugsanlegra viðskiptavina kvartanda hafi Traust þekking brotið gegn 5. og 6. gr. laga um



óréttmæta viðskiptahætti. Vísað er í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 2/2005 *Kvörtun Loftmynda ehf. yfir upplýsingum í bréfi frá Hnit hf.*, þar sem samkeppnisráð taldi Hnit hafi brotið gegn 20. og 21. gr. samkeppnislaga (nú 5. og 6. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti), með því að senda út bréf til ýmissa sveitarfélaga sem innihélt m.a. neikvæð ummæli í garð Loftmynda. Telur kvartandi málsatvik svipuð í málunum.

II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Stál Plús var sent Traustri þekkingu til umsagnar með bréfi, dags 7. mars. 2006. Svar Erlu S. Árnadóttir hrl., f.h. Traustrar þekkingar er dags. 20. mars. 2006. Í svarinu kemur fram að Traust þekking hafi í áratugi framleitt og selt margs konar vélar sem seldar hafa verið hér á landi og í nágrannalöndunum.

Eins og fram komi í erindi kvartanda liggja fyrir matsmál og vænti Traust þekking þess að matsgerðin leiði í ljós að vél kvartanda sé eftirlíking af tiltekinni gerð vélar Traustrar þekkingar sem hefur verið smíðuð og seld hér á landi um áraraðir. Traust þekking hyggist fá staðfest hjá dómstólum eða Neytendastofu að með sölu eftirlíkingarinnar hafi kvartandi haft í frammi ólögmdæta viðskiptahætti gagnvart Traustri þekkingu í skilningi 5. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti.

Þá segir að Traust þekking hafi með bréfi, dags. 25. október 2005, beint kvörtun að Stál Plús þess efnis að um eftirlíkingu á vél Traustrar þekkingar væri að ræða. Þá hafi einungis verið komin ein vél til landsins og kvartandi hafi veitt Traustri þekkingu heimild til að skoða vélina uppsetta hjá kaupanda. Að þeirri skoðun lokinni hafi kvartanda verið gert ljóst að um eftirlíkingu væri að ræða en kvartandi hafi í engu sinnt mótmælum um sölu á eftirlíkingunum.

Það sé mat Traustrar þekkingar að grein sú er birtist í Morgunblaðinu um gæði vélarinnar hafi ekki átt við rök að styðjast og því hafi fyrirtækið fundið sig knúð til að upplýsa viðskiptavini sína um þessar rangfærslur. Þetta hafi verið þeim heimilt þar sem Traust þekking hafi verið að gæta hagsmuna sinna gagnvart athæfi þar sem kvartandi hafi brotið á 5. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti.

Að lokum kemur fram að Traust þekking hafi sent þeim er fengu umræddan tölvupóst bréf þar sem þess sé óskað að þeir líti fram hjá efni tölvupóstsins. Í þessu felist þó ekki viðurkenning á því að efni tölvupóstsins hafi brotið í bága við lög.



2.

Bréf Traustrar þekkingar var sent kvartanda til umsagnar með bréfi, dags. 23. mars 2006. Svar kvartanda er dags. 3. apríl 2006. Þar segir að kvartandi telji að niðurstaða matsgerðarinnar muni leiða í ljós að fullyrðingar Traustrar þekkingar eigi ekki við rök að styðjast. Þess hafi verið gætt í hvívetna við framleiðslu vélanna að ekki væri verið að brjóta á einkaleyfi sem aðrir kynnu að eiga. Áður en vélin hafi verið flutt inn hafi kvartandi gætt þess að engin einkaleyfi væru í gildi sem komið gætu í veg fyrir innflutning á vélinni.

Möguleikar á útfærslu þeirra véla sem kvartandi flytji inn séu takmarkaðir. Af því leiði að það sem kunnir að vera líkt með vélunum byggist á þekktum aðferðum sem ekki njóti lögverndar. Þá telji kvartandi að bréf það sem Traust þekking sendi viðtakendum umrædds tölvupósts þar sem þess sé óskað að viðskiptamenn líti fram hjá efni tölvupóstsins hafi ekki nokkra þýðingu. Taka verði á ummælum þeim sem viðhöfð voru í tölvupóstinum.

3.

Með bréfi, dags. 7. apríl 2006, var bréf kvartanda sent Traustri þekkingu til umsagnar. Ekkert svar barst frá Traustri þekkingu innan tilskilins frests. Með bréfi dags. 27. september 2006 var kvartandi inntur eftir niðurstöðum matsgerðarinnar og barst niðurstaða matsgerðarinnar með bréfi dags. 3. október 2006. Með bréfi Neytendastofu, dags. 9. janúar 2007, var málsaðilum kynnt að gagnaöflun væri lokið í málinu.

4.

Matsbeiðnin hljóðaði upp á að meta hvort sú tæknilega lausn sem birtist í saltsprautunarvél hannaðri af Trausta Eiríkssyni, aðgreini sig nægilega frá vörum keppinauta til að hún njóti verndar gegn eftirlíkingum skv. 5. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins og hvort vél kvartanda feli í sér eftirlíkingu á framangreindri vél. Matsgerðin er frá apríl 2006.

Í niðurstöðum matsgerðarinnar kemur fram að vélarnar séu ólíkar í útliti og svipi vél kvartanda frekar til véla annarra framleiðanda en vélar Traustrar þekkingar. Hvað varðar tæknilega útfærslu þá séu grunnatriði lík í báðum vélum. Matsmaður telur ólíklegt að kvartandi hafi ekki haft vitneskju um vél Traustrar þekkingar þar sem fyrirtækið var þá eini framleiðandi saltsprautunarvéla á Íslandi. Þá telur matsmaður líklegt að legið hafi fyrir vitneskja um tæknilegar útfærslur á vél Traustrar þekkingar þegar vél kvartanda var hönnuð. Hafa verði þó í huga að hér sé um þekktu aðferð að ræða en ýmsu svipi þó til með vélunum. Sé heildarmati beitt þá sé ekki um eftirlíkingu að ræða þó einhver grunnatriði í tæknilegri útfærslu séu mjög lík.



III. Niðurstaða

1.

Í erindinu kvartar Stál Plús ehf. yfir ummælum í tölvupósti sem Traust þekking ehf. sendi út á viðskiptamenn og hugsanlega viðskiptamenn Stál Plús. Telur Stál Plús háttsemina vera brot á 5. og 6. gr. laga nr. 57/2006 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Traust þekking telur að Stál Plús hafi með sölu og markaðssetningu eftirlíkingar á vél Traustrar þekkingar brotið í bága við 5. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti og með umræddum tölvupósti hafi þeir einungis verið að gæta lögvarða hagsmuna sinna.

Í erindinu er vísað til 5. og 6. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti. Í 5. gr. er kveðið á um að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brjóti í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi. Ákvæðið er almenn vísiregla að því er varðar viðskiptasiðferði og er ætlað að stuðla að góðum siðum í viðskiptum. Af greininni má ráða þann vilja löggjafans að í atvinnustarfsemi verði fyrirtæki að virða tiltekin siðferðileg gildi. Fyrirtækjum er uppálagt að viðhafa góða viðskiptahætti gagnvart keppinautum sínum. Fyrirfram er ekki uppálagt hvað telja beri góða viðskiptahætti heldur er mat á því hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki lagt í hendur Neytendastofu og dómstóla. Sökum þessa geta stjórnendur fyrirtækja ekki vitað fyrirfram í öllum tilvikum hvort hegðun þeirra brýtur í bága við 5. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti. Þrátt fyrir að útilokað hafi verið talið að tilgreina nákvæmlega í lögum hvað teljist óréttmætir viðskiptahættir, verður að telja að með hliðsjón af almennum siðferðislegum gildum samfélagsins, viti stjórnendur fyrirtækja í meginþorra tilvika hvað sé siðferðislega verjandi í viðskiptum og hvað ekki. Þannig má ljóst vera að viðskiptaaðferðir sem sýnilega eru óheiðarlegar, ósanngjarnar eða villandi gagnvart keppinautum eða neytendum eru andstæðar lögum um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Í 6. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti er með almennum hætti fjallað um að í auglýsingum eða með öðrum hætti megi ekki veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar enda eru upplýsingarnar til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn vörunnar. Þá skulu upplýsingarnar ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum. Þannig er í 6. gr. tekið fram að greinin tekur til upplýsinga í hvaða formi sem er enda séu þær fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn vara. Neytendastofa telur að það eigi við í þessu tilfelli.

Þeir aðilar sem hér deila selja báðir saltsprautunarvélar og eru í samkeppni á því sviði. Traust þekking er rótgróið fyrirtæki en Stál Plús hefur aðeins starfað um skamma hríð. Óumdeilt er að Traust þekking sendi út tölvupóst með ummælum þar sem viðtakendur



voru m.a varaðir við að kaupa vél af Stál Plús og fullyrt var að Stál Plús hefði stolið hönnun Traustrar þekkingar. Vél Stál Plús væri ódýr framleiðslueftirlíking af 10 ára gamalli vél Traustrar þekkingar og ætti einungis eftir að valda kaupanda auknum kostnaði og ama. Samkvæmt matsgerð frá apríl 2006 er vél Stál Plús ekki framleiðslueftirlíking af vél Traustar þekkingar.

Að mati Neytendastofu hefur Traust þekking með ummælum sínum í tölvupóstinum brotið gegn góðum viðskiptaháttum og gefið villandi upplýsingar sem áhrif geta haft á eftirspurn og er ósanngjarnt gagnvart Stál Plús sem er nýtt fyrirtæki að reyna að fóta sig á markaðinum í samkeppni við Trausta þekkingu. Fyrirtæki verða að gæta þess í viðskiptum að reyna ekki að hafa áhrif á viðskiptavinum með villandi eða ósanngjörnum upplýsingum um keppinauta sína. Neytendastofa telur því að Traust þekking hafi brotið gegn 5. og 6. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti með umræddum ummælum. Það hefur ekki áhrif á niðurstöðu Neytendastofu að Traust þekking hafi sent út bréf á viðtakendur umrædds tölvupósts og þeir beðnir um að líta fram hjá efni tölvupóstsins þar sem slíkt bréf máir ekki út fyrra brot.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Traust þekking ehf., Klapparstíg 18, Reykjavík, hefur með ummælum sínum um Stál Plús ehf. í tölvupósti sem sendur var fiskvinnslufyrirtækjum og viðskiptavinum Stál Plús ehf. í febrúarmánuði 2006, brotið gegn ákvæðum 5. og 6. gr. laga nr. 57/2000 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.“

Neytendastofa, 15. mars 2007

Máli þessu var áfrýjað, sjá úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála í [máli nr. 04/2007](#)